



**HAMPIÐJAN**  
**UMHVERFIS**  
**SKÝRSLA**  
**2021**



## Umhverfisskýrsla 2021

### Ávarp

Umhverfismál skipta okkur sífellt meira máli því mikilvægt er að vernda umhverfi okkar á margvíslegan hátt.

Loftslagsmálin eru þar afar mikilvæg því breytingar á hitastigi lofts og sjávar geta haft mikil áhrif á lífsskilyrði manna og dýra og haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Stöðugleiki er mikilvægur og ef að hann raskast mikið þá getur orðið erfitt að ná jafnvægi aftur. Það er ekki á valdi eins einstaklings, fyrirtækis eða ríkis að tryggja jafnvægi því árangri verður einungis náð ef allir leggja sitt lóð á vogarskálina.

Umhverfismál snúast ekki eingöngu um loftþita og hækkun hans því vernda verður auðlindir jarðar. Auðlindir jarðarinnar eru takmarkaðar og því er mikilvægt að öll notkun okkar á efnum, orkugjöfum og lífríkinu verði sjálfbær til allrar framtíðar. Tryggja þarf góð lífsskilyrði og sjá til þess að fæðuframboð verði nægjanlegt fyrir sívaxandi mannfjölda jarðarinnar.

Við hjá Hampiðjunni gerum okkur fulla grein fyrir okkar ábyrgð hvað umhverfismál varðar og viljum leggja okkar af mörkum til að stuðla að sjálfbærni starfseminnar. Við leggjum einnig mikla áherslu á að þróa lausnir sem tryggja betri nýtingu á lífríki sjávar og góðri umgengni um fiskistofnana sem eru afar

## UMHVERFISSKÝRSLA

mikilvæg uppspretta fæðu fyrir okkur mannfólkið.



**HEIMSMARKMIÐIN**  
Markmið Sameinuðu þjóðanna  
um sjálfbæra þróun

Hampiðjan hyggst vinna ötullega að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, áætlun sem miðar að bættri framtíð. Hvað varðar umhverfismálin þá eru það fjögur markmið sem við viljum sérstaklega einbeita okkur að og teljum okkur hafa mikið fram að færa til að komast nær þeim markmiðum.



Við stefnum að því að setja mark okkar á sjávarútveginn með því að verða leiðandi í nýsköpun, með framleiðslu veiðarfæra sem draga úr aflþörf veiðiskipa og minnka þar með losun gróðurhúsalofttegunda, auka veiði á togtíma og framleiða endingarbetri veiðarfæri.



Við stefnum að frekari hönnun og framleiðslu á veiðarfærum sem hámarka sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda með því að velja betur þann fisk sem er fangaður.

Með vönduðum útfærslum og skiljum er hægt að flokka frá smáfisk og varna því að stærri lífverur lendi í veiðarfærinu.



Umfram allt mun Hampiðjan hafa að markmiði að hanna og framleiða endurnýtanleg veiðarfæri sem styðja við hringrásarhagkerfið ásamt því að takmarka eftir megni þá orku sem notuð er til framleiðslunnar.



Með því að setja áherslu á hringrásarkerfi veiðarfæra minnkar það magn gerviefna sem fer í urðun. Það leiðir að auki til minni landnota.

Við styðjum ötullega og tökum þátt í strandhreinsun og fjarlægjum rusl sem skerða ásýnd og skapa hættu fyrir lífríki fjörunnar.

## Umhverfisstefna Hampiðjunnar

### Umfang og markmið

Umhverfisstefnan er mörkuð fyrir Hampiðjuna hf. og jafnframt því að gilda fyrir móðurfyrirtækið þá verður hún stefnumarkandi fyrir dótturfyrirtæki Hampiðjunnar víða um heim. Starfsmenn og stjórnendur innan samstæðunnar bera ábyrgð á því að kynna sér umhverfisstefnuna og vinna eftir henni. Þessi umhverfisstefna er staðfesting á því að fyrirtækið vinnur að því markmiði að draga úr öllum neikvæðum umhverfisáhrifum af sinni daglegu starfsemi.

### Starfsmenn

- Auka vitund starfsmanna um umhverfismál og þýðingu þeirra.
- Hvetja starfsmenn til þess að nýta sér umhverfisvænni samgöngur.

### Veifarærahönnun

- Áhersla verði á veifarærahönnun sem lágmarkar kolefnisspor veiðiskipa og veifaræratækni sem stuðlar að betra stærðar- og tegundarvali fiska.

- Hanna veifaræraefni og veifaræri þannig að endurvinnsla að loknum notkunartíma verði sem auðveldust.

### Endurvinnsla

- Flokka allan úrgang til að lágmarka það sem fer til urðunar.
- Stuðla að endurvinnslu á þeim efnum sem falla til við vinnslu á framleiðsluvörum fyrirtækisins.
- Endurnýta eftir föngum þökkunarefni og umbúðir.
- Draga úr pappírnotkun og tryggja að það sem notað er af pappír skili sér til endurvinnslu.
- Aðstoða útgerðaraðila og viðskiptavini við flokkun notaðra veifaræra og koma sem mestu af þeim til endurvinnslu.

### Umhverfi

- Styðja við hreinsunastörf á ströndum og á hafi úti.
- Reikna út heildstætt losun á gróðurhúsalofttegundum innan samstæðunnar og setja markmið um hlutfallslega minnkun ár hvert.

- Stefna að ISO 14001 vottun móðurfyrirtækisins fyrir lok 2021 og annarra fyrirtækja innan samstæðunnar fyrir lok 2025.

### Leiðir að markmiðunum

- Stofna umhverfisnefnd og mun nefndin hafa það hlutverk að sinna fræðslu um umhverfismál fyrir starfsfólk Hampiðjunnar til þess að auka umhverfisvitund þeirra.
- Koma á laggirnar grænu bókhaldi til að reikna kolefnisspor fyrirtækisins.

### Ábyrgð

Forstjóri skal bera ábyrgð á framkvæmd umhverfisstefnunnar og endurskoðun hennar reglulega og þegar þess þarf. Allir starfsmenn Hampiðjunnar skulu fylgja umhverfisstefnunni og hafa hana að leiðarljósi við starf sitt.

### Umhverfisskýrsla

Á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skal gefa út umhverfisskýrslu fyrir liðið ár.





# UMHVERFISSKÝRSLA

## Umhverfisárið 2021

### ISO 14001 vottun

Í september 2021 fékk Hampiðjan Ísland ehf. vottun frá DNV í umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001.

Í þessu gæðakerfi eru helstu umhverfisþættir starfseminnar skilgreind og umhverfisáhrif þeirra metin. Reglulegt innra eftirlit er innbyggt í staðalinn og markmiðin eru uppfærð árlega samhliða rýni stjórnenda.



Staðallinn er afar mikilvægur til að tryggja að umhverfisstjórnunarkerfið standist kröfur viðskiptavina okkar og þá sérstaklega hvað varðar þjónustu við vaxandi fiskeldi á Íslandi.

Fiskeldiskvíar þarf að þvo og yfirfara á minnst 18 mánaða fresti og allan úrgang frá þeim þarf að meðhöndla á sérstakan hátt og hreinsa þvottavatnið



það vandlega að engin mengun- arhætta verði af því.

Umhverfisstjórnunarkerfið gerir okkur kleift að vinna í umhverfismálum með stöðugri þróun til að innleiða skilvirkni í okkar daglegu vinnu. Vottunin gildir til 2024 og verður metin árlega af DNV. Auk Hampiðjunnar Ísland er Hampiðjan Baltic með ISO 14001 vottun og stefnan er að samstæðan verði með slíka vottun fyrir 2025.

### Strandhreinsun Bláa hersins og Hampiðjunnar

Hampiðjan er með samstarfs- samning við umhverfisverndar- samtökin Bláa herinn sem er endurnýjaður árlega. Blái herinn berst fyrir málefnum plastmengun í hafinu með hreinsunarstörfum, hvatningu og vitundarvakningu. Með samstarfssamningi þessum

styrkir Hampiðjan Bláa herinn um 2,4 milljónir árlega og er því einn af aðalstyrktaraðilum samtakanna.

Á hverju sumri nú í þrjú ár hafa starfsmenn Hampiðjunnar og fjölskyldur þeirra tekið einn dag til að hreinsa strendur landsins ásamt umhverfissamtökunum. Blái herinn undir forystu Tómasar Knútssonar hefur unnið mikið brautryðjandastarf á þessu sviði og við hjá Hampiðjunni erum stoltir styrktaraðilar þeirra samtaka með myndarlegum fjárfram- lögum og beinni þátttöku í hreinsunarstarfinu.

Árin á undan var hreinsað í nágrenni Herdísarvíkur og austan Selvogsvita með þátt- töku forseta Íslands en á síðasta ári tókum við fyrir Krossavík sem er yst á Reykjanesvita og Gunnhver. Okkur til aðstoðar



# 2021



Starfsmenn Hampiðjunnar ásamt sjálfbóðaliðum Seeds að loknu góðu dagsverki.

kom liðsauki frá alþjóðlegu sjálfbóðaliðasamtökunum Seeds og var mjög ánægjulegt að kynna þeirra góða starfi að umhverfismálum á Íslandi.

Á nokkrum klukkutímum tókst hópnum að hreinsa Krossavíkina fullkomlega og fylla allar kerrur og þurfti að fara aukaverð til að ná í það sem eftir var.

Væntanlega var afraksturinn um 1,5-2 tonn. Töluvert var um gamlar kaðlaslitur og sérstaka athygli vakti fjöldi lítilla kork- og plastflota sem oftast eru kallaðir kleinuhringir og voru notaðir fyrir 3-4 áratugum á síldarreknet. Einnig var töluvert af netahringum af þorskanetum en þeir voru notaðir fram á byrjun níunda áratugsins eftir að flottógið hóf innreið sína um 1976 og var væntanlega búið að taka yfir markaðinn um 1985. Annað sem fannst var ótengt veiðarfærum og þar mátti sjá alls konar brúsa og brotna kassa, skó og þvíumlíkt.

### Flokkun á skrifstofum

Það eru ekki eingöngu stóru verkefni sem skipta máli því huga verður að bæði stóru og smáu. Við tókum því umhverfismál okkar á kaffistofum og

skrifstofum starfsstöðva föstum tókum strax í upphafi árs 2020 og endurskipulögðum flokkunar- aðferðir. Ruslatunnur voru fjarlægðar frá skrifborðum ásamt því að lífrænn úrgangur, pappi, plast og málmar er nú flokkað sérstaklega, allt gert með það markmið í huga að urða minna og flokka meira. Ekki er um mikið magn að ræða en markmiðið er fyrst og fremst að auka meðvitund starfsmanna um umhverfismál og árangur flokkunar.

### Þróun veiðarfæra

Veiðarfæri eru í stöðugri þróun meðal annars til að gera þau léttari í drætti og minnka þannig eldsneytiseyðslu skipa og til að lágmarka snertingu við hafsbotninn. Rétt val á veiðarfærum skiptir miklu máli, en veiðarfæri okkar eru úr sterkum og vönduðum efnum sem hafa langan líftíma, það ásamt léttari veiðarfærum minnkar kolefnisfótsporið í framleiðslunni og út líftímamann.

Kjörhæfni veiðarfæra er kjarninn í þróunarvinnum félagsins og það er unnið í nánú samstarfi með viðskiptavinum og skipstjórnarmönnum. Með betri veiðarfærum eykst sjálfbærni og nýting auðlinda hafsins samhliða því að betur er hægt að tryggja gæði og verðmæti aflans.

### Flokkun og endurvinnsla á efnum á netaverkstæðum

Trékeflin sem eru notuð til að flytja ofurtóg frá verksmiðjunni eru tekin í sundur og send til baka til Hampiðjan Baltic í Litháen þar sem þau eru sett saman aftur og notuð að nýju.

Nýtt og hreint polyethylen (PE) efni, aðallega trollnet, sem fellur til í framleiðslu á netaverkstæðunum er sent til Litháen. Þar hefur verið starfrækt í áratugi endurvinnslulína fyrir PE og efnið er þá malað niður, brætt og búið til ný plastkorn. Endurvinnsluefninu er svo blandað saman við nýtt efni með allt að 10% íblöndunarhlutfalli. Þræðir sem mynda kjarna trollgarnsins, sem getur verið 10-40% af heildarþyngd garnsins, geta hins vegar verið 100% úr endurunnu efni. Í skoðun er að fullkomna hreinsun á notuðu neti þannig að það verði hæft til nýtingar sem íblöndunarefni.

Á vinnslugólfi á netaverkstæðunum er flokkað í margs konar flokka sem falla til við framleiðslu og viðgerð veiðarfæra. Umfram hreint PE er flokkað sér í óhreint PE net, Nylon, Danline, DynIce, Prima og blandaða kaðla sem eru úr PE, polyester eða nyloni.

Kaðlar úr blönduðum efnum, t.d. úr polyethyleni og polyester eða nyloni eru ekki endurvinnanlegir í dag og nýtast einungis til orkuendurvinnslu. Einn möguleiki er að draga úr notkun blandaðra kaðla þar sem tækifæri gefast en besta leiðin og sú leið sem við erum að feta er að breyta efnasamsetningu blandaðra kaðla til þess að gera þá endurvinnanlega.



## UMHVERFISSKÝRSLA

### Móttaka notaðra veiðarfæra

Sjávarútvegsfyrirtæki vinna að því að draga úr mengun sjávar með því að taka virkan þátt í að koma öllum veiðarfærum í endurvinnslufarveg. Hampiðjan ásamt öðrum veiðarfæraframleiðendum er í nánu samstarfi við útgerðir varðandi móttöku veiðarfæra, flokkun í efnisflokkka og koma þeim í endurvinnslu hjá sérhæfðum endurvinnslufyrirtækjum. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS, hafa yfirmun sjón með söfnun notaðra veiðarfæra. Veiðarfæraframleiðendur ásamt SFS hafa gert samning við Úrvinnslusjóð þar sem skilagjaldi við innflutning á efnum til veiðarfæragerðar er fellt niður gegn því að útgerðarfyrirtæki og veiðarfæraframleiðendur taki ábyrgð á og sjái um að notuð veiðarfæri fari í viðunandi endurvinnslufarveg.

Hampiðjan hefur í langan tíma tekið á móti öllum veiðarfæraúrgangi sem kemur frá viðskiptavinum sínum og flokkað endurvinnanleg efni frá og komið til endurvinnslu eða endurnýtingu þar sem því er við komið. Það lágmarkar það sem þarf að fara í urðun og stuðlar að sjálfbærni.

Veiðarfæraúrgangur sem hægt er að endurvinna er sendur til endurvinnslufyrirtækja í Danmörku eða Litháen eftir því hvaða efni er um að ræða. Þar eru efnin hökkuð niður, þvegin og síðan endurbreidd og búin til plastkorn sem henta í ýmsa plastframleiðslu.

Helstu samstarfsaðilar Hampiðjunnar eru Plastix í Danmörku sem tekur við öllu polyethylene trollefni og Polivektris í Litháen sem endurvinnur nylon ásamt norska fyrirtækinu Nofir. Þessi fyrirtæki hreinsa notaða veiðarfæraefnið, bræða það að



nýju og búa til plastkorn sem selt er til framleiðenda sem búa til nýja þræði úr endurunna efninu eða steypa úr því hluti.

Eftir því sem hægt er þá eru efni endurnýtt. Athyglisvert dæmi um það er loðnu- og síldarnótanet sem eru nýtt til að verjast grjóthruni á byggingarsvæðum þar sem grafið er eða sprengt fyrir grunnnum bygginga. Mikið af slíku neti var

m.a. notað við byggingu nýja Landspítalans við Hringbraut.

Í lok árs byrjaði nýr kafli í endurvinnslu veiðarfæra þegar fyrsti gámurinn með notuðum rokkhopper gúmmískífum var sendur til endurvinnslu til Hollands. Rokkhopper er í sjálfu sér endurunin vara úr hjólbörðum stærri vinnuvéla. Áður hafði ekki fundist leið fyrir þessar stórgerðu



# 2021

gúmmískífur en eftir mikla leit fannst fyrirtæki í Hollandi sem endurvinnur bíldekk og hafa þeir tekið þessu nýja hráefni fagnandi.

Rokkhopperskífurnar eru nú endurunnar eins og önnur dekk og breytt í gúmmíkurl. Dæmi um vörur sem eru framleiddar úr kurlinu eru gúmmíflísar sem notaðar eru á leikvöllum til að búa til mjúkt undirlag ef börnin detta. Við reiknum með því að hlutfall gúmmis til endurvinnslu fari hækkandi næstu árin þegar fleiri viðskiptavinir fara að notast við þennan nýja endurvinnslu-farveg.

Öllum tölum yfir útflutt magn af veiðarfæraúrgangi er skilað til SFS sem síðan sér um að koma þeim upplýsingum áfram til Úrvinnslusjóðs.



## Uppgjör 2021

### Úrgangur

Greinarmunur er gerður á þeim úrgangi sem fellur til við starfsemi Hampiðjunnar við framleiðslu og viðhald veiðarfæra og þeim veiðarfæraúrgangi sem fyrirtækið tekur að sér að flokka fyrir viðskiptavinum sína. Viðskiptavinir Hampiðjunnar gera svo grein fyrir þeim úrgangi í sínum umhverfisskýrslum.


Magnið og skiptingin hér fyrir neðan er því eigin úrgangur Hampiðjunnar.

Fyrsta árið sem úrgangur var flokkaður var 2020 og nú er hægt að bera saman hvernig flokkunin og magnið hefur þróast. Sífellt er unnið að því að flokka betur en samt er hlutur óflokkaðs úrgangs hlutfallslega hár ennþá, en stefnt er að því að ná fram nákvæmari flokkun á næsta ári.

Heildarúrgangur ársins var 45.576 kg og skiptist hann á eftirfarandi hátt:

Úrgangsflokkur	Magn 2020	Magn 2021	Magn í %	Meðferð
Lífrænn úrgangur	1.374 kg	1.996 kg	31%	Moltugerð
Plast	947 kg	1.121 kg	16%	Orkuendurvinnsla
Pappír	860 kg	668 kg	-29%	Endurvinnsla
Steinefni <sup>1</sup>	350 kg	5.011 kg	93%	Urðun
Pappír og plast (blandað)	760 kg	710 kg	-7%	Orkuendurvinnsla
Litað timbur	3.121 kg	1.210 kg	-158%	Urðun
Óflokkaður úrgangur	20.867 kg	20.873 kg	0%	Urðun
Ólitað og hreint timbur	11.064 kg	6.777 kg	-63%	Endurnýting
Bretti	2.400 kg	2.390 kg	0%	Endurnýting
Bylgjupappi	3.595 kg	4.820 kg	25%	Endurvinnsla
<b>Samtals</b>	<b>50.938 kg</b>	<b>45.576 kg</b>	<b>-12%</b>	

1) Unnið var að breytingu á netaverkstæðinu á Akureyri og því þurfti að farga töluverðu af steypubrotum.




## UMHVERFISSKÝRSLA

Hlutfall þess úrgangs sem er endurnýtanlegur eða hæfur til endurvinnslu er tæp 39% og fara því rúm 61% í urðun.

Það sem fer í urðun er óflokkaður úrgangur og er hann 20.832 kg ásamt lífrænum úrgangi 1.996 kg og steinefnum sem eru 5.011 kg.


Aukning hlutfalls þess sem fór í urðun er hins vegar steinefni frá framkvæmdum en á árinu var unnið að endurbyggingu netaverkstæðisins á Akureyri og féll töluvert af efni til við þær breytingar.

### Skipting úrgangs




### Endurvinnsla og urðun

■ Endurvinnsla ■ Urðun



### Úrgangur sem fer til endurvinnslu



Sá hluti úrgangs sem hæfur er til endurvinnslu skiptist í efnisflokka, eins og sést hér til hliðar:



# 2021

## Kolefnissporið

Hampiðjan á Íslandi metur kolefnisspor sitt með því að reikna losun úrgangs, flutning vara, rafmagnsnotkun, vinnuferðir starfsmanna, eldsneyti á bíla hjá fyrirtækinu og akstur starfsmanna til og frá vinnu. Heildarlosunin er 398,9 tonn CO<sub>2</sub> ígildi.

Gildandi staðlar frá Umhverfisstofnun voru notaðir við útreikning losunar.

Ekki eru allar starfsstöðvar sem að nota heitt vatn til upphitunar, en Hampiðjan í Neskaupstað og á Ísafirði nota rafmagn til upphitunar. Stærsta starfsstöð Hampiðjunnar er í Reykjavík og notar því mest af heitu vatni og rafmagni af öðrum starfsstöðvum.


Á öllum starfsstöðvum Hampiðjunnar er úrgangur flokkaður eins, en það er gert til þess að hafa góða yfirsýn og gagnsæi yfir flokkunarmálin.

Eldsneytisnotkun Hampiðjunnar skiptist í tvo hluta, annars vegar eldsneytisnotkun á fyrirtækjabíla og hins vegar keyrslu starfsmanna til og frá vinnu.

Eldsneytisnotkun og losun á CO<sub>2</sub> starfsfólks til og frá vinnu er byggð á ferðavenjukönnun sem verkfræðistofan Efla gerði 2020.

Meginframleiðsla Hampiðjunnar er í Litháen og því er flutningur einn af stærstu umhverfisþáttum

## Skipting á heildarlosun CO<sub>2</sub> íg



fyrirtækisins. Til þess að lágmarka kostnað og losun á CO<sub>2</sub> eru vörur nánast einungis sendar með sjóflutningi og bara með fraktflugi ef nauðsyn krefur og afhendingartími til viðskiptavina er knappur. Þegar varan er komin til landsins er áframflutningur yfirleitt landleiðina.

Öll 398,9 tonninn verða kolefnisjöfnuð með því að kaupa einingar af Votlendissjóði. Votlendissjóður vinnur við að binda kolefni með endurheimt votlendis hér á landi.






## UMHVERFISSKÝRSLA

### Veifaræraúrgangur

Veifaræraúrgangur sem sendur er í endurvinnslu er að mestu leyti í eigu viðskiptavina okkar og telst því ekki með úrgangi Hampiðjunnar. Samtals voru send 451 tonn til endurvinnslu árið 2021. 1,8% af því reyndist ekki endurnýtanlegt og fór í orkuvinnslu erlendis.

### Veifaræraúrgangur til endurvinnslu



### Lokaorð

Stöðugt er leitað nýrra leiða til endurvinnslu veifaræraúrgangs og unnið að verkefnum sem miða að því að efla sjálfbærni samstæðunnar.

Fylgst er með framförum á heimsvísu og unnið er í nánú samstarfi með viðskiptavinum því markmið okkar er einnig að styðja við þeirra sjálfbærnimarkmið.

*Tölurnar í þessari skýrslu sýna eingöngu umhverfisþætti reksturs Hampiðjunnar á Íslandi. En markmið okkar er að gefa í framtíðinni yfirsýn yfir umhverfismál samstæðunnar í heild.*

